



Viðskiptanefnd Alþingis
Kirkjustræti
150 Reykjavík.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsgötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 8800 bréfasími: 511 1161
postur@evr.is evr.is

Reykjavík 22. febrúar 2011
Tilv.: EVR10050087/0.3.0

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið hefur samkvæmt beiðni yðar um unsögn athugað frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, nr. 2/1995, með síðari breytingum, flutt af Péttri H. Blöndal og fl. (139. löggjafarþing 2010-2011 (þskj. 192 - 176. mál)). Frumvarpið snertir einkum gagnsæ hlutafélög. Áður hafa verið veittar umsagnir um skylda þingsályktunartillögu með bréfum til nefndarinnar 4. júní og 10. ágúst 2009. Vill ráðuneytið gera nokkrar athugasemdir nú.

Ráðuneytið vekur athygli á að með lögum nr. 13/2010 hefur verið breytt reglum um eignarhald á hluta- og einkahlutafélögum svo og reglum um hlutafélög og fleiri félög með tilliti til minnihlutaverndar o.fl. með lögum nr. 68/2010.

Ráðuneytið telur ráðlegra en að stofna til nýs hlutafélagaforms að lögum, þ.e. gegnsærra hlutafélaga, að athuga með breytingar á einstökum ákvæðum í efnisrétti hlutafélagaréttarins. Ekki er vitað til þess að lög séu til um þessa tegund félaga annars staðar. Þá skal bent á að í unsögn um framangreinda þingsályktunartillögu taldi Kauphöll Íslands álitamál hvort lagasetning um slík félög væri heppilegasta leiðin. Félög gætu sjálf sett sér reglur um gagnsæi sem Viðskiptaráð Íslands héldi utan um og gæfi gæðastimpil á. Það er athyglisverð hugmynd hvað snertir auðkenningu á sérstöðu vissra félaga. Seðlabanki Íslands benti þá á nauðsyn þess að fylgja þróun í Evrópu á sviði félagaréttar. Sama hefur síðar komið fram hjá Viðskiptaráði Íslands varðandi frumvarpið. Í tillögunni kom á sínum tíma fram að unnt væri að draga úr óheillavænlegum afleiðingum gagnkvæms eignarhalds með skattlagningu arðs og voru Bandaríkin nefnd sem dæmi.


Ekki kemur fram í frumvarpinu hvernig staðið var að samningu þess. Mikilvægt er að athugað sé betur hvort einstök ákvæði um gagnsæ hlutafélög séu í samræmi við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið. Sem dæmi má nefna að í frumvarpinu stendur: „Gegnsætt hlutafélag má ekki eiga hluti í öðrum félögum en gegnsægjum hlutafélögum.“ Stenst þetta bannákvæði grundvallarfrelsisreglur EES-samningsins og jafnframt EES-laganna um staðfesturétt? Fleiri ákvæði kunna að þurfa sérstakrar athugunar við með tilliti til EES-réttar. Í þessu sambandi má nefna að í athugasemdum, þar sem rætt er um erlend hlutafélög sem eigendur gagnsæis hlutafélags, segir að erlent félag geti aldrei farið með atkvæðisrétt í slíku félagi. Sýnist frumvarpið þurfa gagngerrar skoðunar við að þessu leyti og ætti jafnvel að leita álits eftirlitsstofnunar EFTA fyrirfram um ákvæði frumvarpsins. Nefna má fleiri atriði, t.d. að það sé spurning hvort fela eigi opinberum stofnunum að halda utan um eigendatré allra gegnsærra hlutafélaga. Samkvæmt gildandi hlutafélagalöggjöf halda um 30.000 hluta- og einkafélög sína hlutaskrá sjálf og virðist fjarlægð að koma öllu því starfi yfir á fámennar opinberar stofnanir en hlutaskrárnar geta breyst daglega. Sýnist betra að félögin sjái sem hingað til um þessa starfsemi eða feli sérhæfðum aðilum að gera það.

Hvað snertir opinber hlutafélög var á sínum tíma byggt á dreifðum lagaákvæðum í Danmörku og Noregi. Sérákvæðin eru höfð á mismunandi stöðum í lögnum eftir efni þeirra og fer því ekki framhjá neinum ef sérákvæði gilda um þau félög þegar horft er á viðkomandi efnisákvæði. Álitamál

er hvort safna eigi öllum þessum ákvæðum í einn kafla í lögunum.

Fyrir hönd ráðherra


Helga Jónsdóttir


Jón Ögmundur Þormóðsson